

Sp.

452. Tillaga til þingsályktunar

[175. mál]

um athugun á brúargerð yfir Álftafjörð á Snæfellsnesi.

Flm.: Friðjón Þórðarson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hlutast til um, að vegagerð ríkisins láti rannsaka aðstöðu til brúarbyggingar yfir Álftafjörð á Snæfellsnesi og geri kostnaðaráætlun um framkvæmd verksins, ef hagkvæmt þykir.

Greinargerð.

Á undanförunum árum hafa verið gerðar miklar umbætur í samgöngumálum á Snæfellsnesi: Vegurinn fyrir Ólafsvíkurenni, Búlandshöfða og brúin yfir Mjó-sund í Hraunfirði, svo að stærstu átökin séu nefnd. Einnig hefur verið lagður góður akvegur um Skógarströnd, og á s. l. sumri var byggður upp nýr vegarkaffli á Kolgrafahlíð í Eyrarsveit. Má því segja, að vegasamband sé orðið allgott milli einstakra bæja og byggðarlaga á norðanverðu Snæfellsnesi. Þó er enn erfiður þróskuldur í vegi milli Helgafellssveitar og Skógarstrandar, einkum að vetrarlagi, þar sem er Álftafjörður.

Á tveim síðustu aðalfundum sýslunefndar Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu hafa komið fram og verið samþykktar ákveðnar tillögur þess efnis, að athugað verði og kannað til hlítar, hvort eigi muni vera hagkvæmt að brúa Álftafjörð. Byggjast þær óskir á því, að fjörðurinn er, eins og áður segir, hinn mesti farar-tálmi. Hlíðarnar báðum megin fjarðarins eru brattar og skriðurunnar. Vatnsagi er þar mikill og gilskorningar margir. Vegurinn bugðóttur og bratt til sjávar. Eins og að líkum lætur, er leið þessi því oft ærið viðsjál að vetrarlagi, bæði snjó-þung og sveflrunnin. Vafalaust yrði mjög kostnaðarsamt að gera öruggan akveg á þessum stað. Er því álit kunnugustu manna, að kanna beri til hlítar, hvort eigi muni borga sig betur að gera framtíðarveg yfir fjörðinn heldur en þræða hann eftir hlíðunum, eins og nú er gert. Á þeim stað, þar sem slík vegagerð kæmi til greina, er Álftafjörður um 600 m á breidd. Er hann að mestu þurr um fjöru, nema mjór áll úti á leirunum. Vegurinn fyrir fjörðinn mun nú talinn um 5 km að lengd.

Vegabætur í Álftafirði eru nauðsynlegar af mörgum ástæðum. Leiðin er fjöl-farin. Hún er verzlunar- og viðskiptaleið Skógstrendinga til Stykkishólms. Þar er haldið uppi áætlunarferðum milli Dala og Snæfellsness. Mjólkurflutningar eru tíðir á þessari leið vegna samvinnu mjólkursamlaganna í Búðardal og Grundar-firði. Einnig aðrir vöruflutningar, sérstaklega ef Hvammsfjörður yrði isi lagður, eins og fyrir getur komið á köldum vetri. Þá er og brýn nauðsyn til þess, að um-rædd leið sé vel fær og örugg, þegar að kalla sjúkraf lutningar til sjúkrahússins í Stykkishólmi. Enn fremur má benda á, að vegabætur í Álftafirði eru forsenda þess, að Heydalsvegur geti komið byggðarlögum sunnan Breiðafjarðar að verulegum notum. — Loks má nefna það í leiðinni, að við umrædda framkvæmd gæti skap-azt ákjósanleg aðstaða til fiskiræktar í Álftafirði, en það er önnur saga.

Ætla má, að Heydalsvegi yfir Snæfellsnesfjallgarð, úr Hnappadal á Skógar-strönd, verði lokið á næsta ári. Eftir er um 12 km vegalengd. Heydalsvegur var tekinn í þjóðvegatölu árið 1944, og æ síðan hafa miklar vonir verið við hann bundn-

ar sem örugga vetrarleið milli Faxaflóabyggða annars vegar og Dala og Snæfellsness hins vegar. Má raunar furðu gegna, að sá vegur skuli ekki vera fullgerður fyrir löngu. Á þeirri leið er hæðin yfir sjávarmál aðeins um 150 m. Til samanburðar má geta þess, að vegurinn um Kerlingarskarð er yfir 300 m og Fróðárheiði og Brattabrekka hátt í 400 m yfir sjávarmál. Má því með sannri segja, að kominn sé tími til að ljúka Heydalsvegi.

Þá er og þess að vænta, að innan fárra ára verði lagður nýr vegur um Laxárdalsheiði. Gamli vegurinn eftir heiðinni mun ná 200 m hæð yfir sjó, en nú hefur verið mælt þar fyrir nýjum vegi, sem er aðeins í um 160 m hæð yfir sjávarmál. Frá Sólheimum í Laxárdal á Strandaveg eru rúmir 12 km. Geta má þess, að vegurinn um Holtavörðuhæði er nær 400 m yfir sjó. Fyllstu vonir standa til þess, að með nýjum vegi um Laxárdalsheiði opnist greið samgönguæð og jafnframt örugg vetrarleið milli Stranda og Norðurlands og Breiðafjarðarbyggða. Er þá miklum áfanga náð og traustum þætti aukið í vegakerfið í þessum byggðarlögum. Verður vonandi allt kapp lagt á að koma þessari vegagerð í framkvæmd hið allra fyrsta.

Vegabætur í Álftafirði, Heydal og á Laxárdalsheiði eru greinar á sama meiddi, sem miða að því að stórbæta samgöngukerfið á þessum slóðum. En að því er varðar Álftafjörð sérstaklega þarf að kanna hið fyrsta, hvort hentara er að velja leiðina yfir fjörðinn eða fyrir hann. Niðurstaða þeirrar rannsóknar þarf að vera fyrir hendi, þegar næsta áætlun um vegaf framkvæmdir verður samin á hausti komanda.